

Skipulag

Fundarboðandi: Þóra J. Jónasdóttir

Fundarstaður: Teams

Fundarstjóri: Þóra J. Jónasdóttir

Dagsetning: 16. október 2025

Fundarritari: Þórður Heimir Sveinsson

Fundartími: 10:00 – 11:00

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnun), Berglind Helga Bergsdóttir og Harpa Luisa Tinganelli (sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun). Þá kom á fundinn Sólveig Jónsdóttir dýralæknir frá Bláum Akri ehf., en vék af fundi að lokinni kynningu og fyrirspurnum.

Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun fiski- og laxalúsar.

Umræða

- a. Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar vegna fiski- og laxalúsar á eldislaxi með Salmosan vet. (azametifos), í baðlausn fyrir allar 11 kvíarnar á Eyri, Patreksfirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu út frá fyrirbyggjandi gögnum, núverandi stöðu og þróun að veita jákvæða umsögn að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- b. Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar vegna fiski- og laxalúsar á eldislaxi með Salmosan vet. (azametifos), í baðlausn fyrir allar 12 kvíarnar að Eyrahlíð 2, Dýrafirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu út frá fyrirbyggjandi gögnum, núverandi stöðu og þróun að veita jákvæða umsögn að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.

Fisksjúkdómanefnd vill þó árétta alvarlega stöðu vegna þeirra viðvarandi vandamála og neikvæðrar þróunar í útbreiðslu fisk- og laxalúsar í eldi og vaxandi lyfjaónæmis. Nefndin leggur ríka áherslu á að fiskeldisfyrirtæki efli enn frekar innviði sína, verklag og viðbragðsgetu og beiti skjótari og markvissari aðgerðum í baráttunni gegn lús á eldisfiski en hingað til. Þá skal liggja fyrir skýr framtíðarsýn og framkvæmdaáætlanir áður en ástand versnar. Jafnframt er brýnt að fyrirtækin axli aukna ábyrgð á forvörnum gegn lús, m.a. með aukinni notkun mekanískra aðferða í stað lyfjameðhöndlunar, til að undirbúa greinina betur fyrir næstu ár og til framtíðar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:00